

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun á sauðfé og stórgripum til eins árs í senn í slátruhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telur, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1982.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 7. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Pálmi Jónsson.

6. maí 1980.

Nr. 22.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 78/1979.

Forseti Íslands féllst hinn 2. maí 1980 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 78, 22. ágúst 1979, fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Aftan við 112. gr. bætist ný grein sem verður 113. gr. og hljóðar svo:

113 gr.

Nám í uppeldis- og kennslufræðum.

Nám í uppeldis- og kennslufræðum tekur til námsefnis í uppeldisfræði, uppeldislegrí sálarfræði, kennslufræði og kennslu og skal námskrá ákveðin með tilliti til sérþarfa kennslu- og uppeldisstarfa.

Nám þetta skal alls svara til 30 e. Þó er heimilt að veita stúdentum, sem hafa lokið samsvarandi námskeiðum og/eða aflað sér verulegrar reynslu af kennslustörfum, undanþágu frá tilteknum námskeiðum.